

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. ágúst 2010

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, þskj. 1284, 662. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (um viðurlög, heimavinnslu og aðilaskipti að greiðslumarki í mjólkurframleiðslu).

BSRB leggur áherslu á að tryggt verði að neytendur hafi aðgang að fjölbreyttum mjólkurafurðum á hagstæðu verði. Forðast verður fábreytni í framleiðslu, þar sem einungis arðbærni ræður ferðinni en ekki verð eða hollusta.

Frumvarpið fjallar ekki um endurskoðun á greiðslumarkskerfi búvörulaga. Hér er um að ræða innleiðingu sektarúrræða, fari menn ekki eftir þeim reglum sem samningsmenn frumvarpsins telja að gildi nú þegar um sölu mjólkur, t.d. það að óheimilt sé að afurðarstöð markaðsfæri mjólk innanlands sem framleidd er á býli sem ekki nýtur greiðslumarks. BSRB tekur ekki efnislega afstöðu til framangreinds en telur að þar sem þetta atriði frumvarpsins, sem og önnur, eru afar umdeild, sé mjög brýnt að upplýst umræða eigi sér stað um hvort núverandi greiðslumarkskerfi, og þ.a.l. þá sektarúrræði er þetta frumvarp boðar, brjóti í bága við atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar.

BSRB telur að fara eigi eftir þeim reglum sem í gildi eru hverju sinni. Það er engum til hagsbóta, hvorki neytendum né framleiðendum, að einstök tilvik utan kerfis vinni gegn kerfinu og grafi þannig tilviljana-kennt undan því. Sé vilji til breytinga þarf að hefja heildstæða endurskoðun á kerfinu.

BSRB tekur ekki afstöðu til grundvallarþátta kerfisins, hvort best sé að viðhalda greiðslumarki, eða tryggja mjólkurframleiðslu með öðrum hætti, neytendum til hagsbóta. BSRB lýsir sig hins vegar reiðubúið til slíkrar umræðu, verði til hennar boðað.

BSRB fagnar því að frumvarpið gerir ráð fyrir auknu svigrúmi bænda til heimavinnslu mjólkurafurða og styður því eindregið að heimil verði slík vinnsla mjólkurafurða sem samsvarar allt að 10.000 lítrum mjólkur. Enn fremur leggur bandalagið til að ákvæðið verði gert rýmra á þann hátt að bændur geti sérstaklega sótt um að heimavinnsla geti orðið meira en sem nemur 10.000 lítrum.

Fyrir hönd BSRB,

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri